

UPP Í SVEIT 14.-17.JÚNÍ

Gaukurinn

Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

4.árg. 4.tbl. júní 2024



Jarðgerður formlega vígð

Opnunartími á gámasvæðinu í Árnosi

miðvikudaga 14:00-17:00 og laugardaga 12:00-15:00

Grenndargámar við sundlauginu í Brautarholti og Félagsheimilið í Árnosi opnir allan sólarhringinn

Á fundi sveitarstjórnar þann 8. maí síðastliðinn var á dagskrá seinni umræða um ársreikning sveitarfélagsins fyrir árið 2023. Niðurstöðurnar sýna skýrt hversu mikill árangur hefur náðst í rekstri sveitarfélagsins en aldrei áður hefur reksturinn skilað jafn góðri niðurstöðu. A-hluti var jákvæður um 153,6 milljónir og A+B hluti jákvæður um 137,1 milljónir. Fjárfestingar á árinu námu 190 milljónum og fólust þær helst í gatnagerð við Vallarbraut í Brautarholti, breytingum á húsnæði Skeiðalaugar og í Leikholti, sett var upp lyfta í Þjórarskóla og er þar með búið að bæta aðgengi allra í skólahúsnæðinu. Keypt var grafa og móttökugámur á gámasvæði og við keyptum land undir 10 athafnalóðir við Þingbraut í Árnesi auk annarra smærri fjárfestinga. Í upphafi kjörtímabilsins var skuldahlutfall sveitarfélagsins 49,4% en í lok árs 2023 var það komið niður í 36,7%. Fjárhagur sveitarfélagsins stendur því sterkari en nokkru sinni fyrr og við höfum alla getu til að fara í komandi uppbyggingu á nýrri íþróttamiðstöð í Árnesi sem við munum hefja framkvæmdir við á þessu ári. Þær framkvæmdir eru forsendan fyrir því að reka heildstæðan grunnskóla fyrir 1.-10. bekk í Þjórarskóla og geta skapað samfellu í frístunda- og íþróttastarfi í beinu framhaldi af skólanum.

Í síðustu kosningum fór ég fram á þeim formerkjum að starfa bæði sem oddviti og sveitarstjóri fengi ég til þess umboð. Ég tel að það hafi verið mjög góð ákvörðun og hefur gert það að verkum að ég hef náð mjög góðri yfirsýn yfir alla þætti



Pistill frá oddvita

í daglegum rekstri sveitarfélagsins. Við höfum velt öllum steinum við og gert fjölmargar breytingar sem skila okkur sterkara sveitarfélagi með skýra framtíðarsýn. Sú breyting að færa unglिंगana heim og vera komin með heildstæðan grunnskóla 1.-10. bekk frá og með haustinu 2026 mun styrkja rekstur sveitarfélagsins enn betur, en fjárhagslegur ávinningur af þeirri breytingu miðað við núverandi stöðu er í kringum 50 milljónir á ári. Slíka fjármuni munum við því geta nýtt til að bæta þjónustu við íbúa og byggja upp sterkari innviði. Þannig sköpum við skilyrði til þess að sveitarfélagið okkar verði eftirsóknarverðara til búsetu. Vinnan síðustu tvö ár hefur verið mikil og hef ég aldrei á minni ævi unnið jafn mikið. Ég hef því síðustu mánuðum fundið það að það yrði mikil áskorun að halda slíku álagi áfram næstu tvö árin. Á síðustu tveimur árum hefur samstarf mitt og Sylvíu verið gríðarlega gott og höfum við í sameiningu tekist á við flest þau verkefni sem búið er að vinna og ríkir mikið traust á milli okkar. Ég taldi því rétt á þessum tímamarki að óska eftir því við sveitarstjórn að gera skipulagsbreytingar á þann veg að Sýlvía

tæki við starfi sveitarstjóra og ég myndi starfa sem oddviti ásamt því að leiða þá miklu uppbyggingu sem við erum að fara af stað í. Sveitarstjórn samþykkti þessar breytingar samhljóða og er ég mjög spenntur fyrir áframhaldandi samvinnu með Sylvíu þar sem hún mun bera ábyrgð á daglegum rekstri sveitarfélagsins.

Ég vil sérstaklega taka það fram að samstarf í sveitarstjórn hefur verið einstaklega gott þetta kjörtímabil og ef undanskilin eru virkjanamál, þá ríkir mikil samstaða um öll mál í sveitarstjórninni og þá vegferð sem við erum í að skapa sveitinni okkar skýra framtíðarsýn.

Þann 14. maí kom Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra til okkar og undirritaði stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Þjorsárdalinn. Þetta er mikilvægur áfangi í því að varðveita einstök náttúru- og menningarverðmæti Þjorsárdalsins, efla fræðslu, lýðheilsu og góða upplifun gesta í samstarfi við hagsmunaaðila svo allir hafi kost á að njóta verðmæta landslagsverndarsvæðisins um ókomna framtíð. Á komandi vikum munum við svo ganga frá rekstrarsamningi við Umhverfisstofnun um að sveitarfélagið sjái um rekstur svæðisins til framtíðar. Þannig er stefnan sett á að hefja gjaldtöku á bilastæðum frá og með sumrinu 2025 sem muni standa undir uppbyggingu innviða og skapa fjölmörg störf í rekstri og umsjón Þjorsárdalsins.

Við nýttum okkur heimsókn ráðherrans og fengum hann til að formlega vígja hana Jarðgerði okkar, en við erum fyrsta sveitarfélagið á Íslandi til þess að skapa

farveg fyrir allan lífrænan úrgang og breyta honum í moltu. Moltan úr jarðgerðinni inniheldur mikilvæg næringarefni s.s. köfnunarefni(N), fosfór(P) og kalíum(K) sem spila lykilhlutverk í vexti plantna og jurta og geta komið í veg fyrir notkun á innfluttum áburði. Það er frábært að sjá hversu vel er tekið í þessa lausn, en á hverjum degi eru farin að skila sér mikill fjöldi af fötum fullum af lífrænum úrgangi. Frá því að íbúafundurinn um uppbyggingu Árness fór fram þann 16. mars síðastliðinn hefur mikil vinna átt sér stað við að móta nýtt skipulag fyrir komandi uppbyggingu í Árnesi. Við munum boða til næsta íbúafundar þriðjudaginn 11. júní þar sem kynntar verða þær hugmyndir sem liggja fyrir. Hönnun á íþróttamiðstöðinni er langt komin og skipulag Árnes til framtíðar hefur tekið á sig mynd sem gaman verður að kynna og fá umræðu um. Nánari auglýsing um íbúafundinn er í blaðinu. Einnig mun þann 5. júní verða boðað til kynningar á þeim framkvæmdum sem hafa átt sér stað í Skeiðalaug ásamt því að kynna viðbygginguna sem mun hýsa líkamsræktaraðstöðu í Skeiðalaug. Nánari auglýsing er í blaðinu.

Forsetakosningar eru þann 1. júní, en samhliða þeim munum við einnig kjósa um það hvort breyta eigi nafni Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Ég vil hvetja sem flesta til að taka þátt í nafnakosningunni og þannig tryggja það að skýr afstaða íbúa komi fram um nafn sveitarfélagsins til framtíðar.

Fleira er það ekki að sinni,

Haraldur Þór Jónsson

Heimsókn grunnskólanna á Gámasvæðið 10. apríl 2024

Nemendum grunskólans var boðið að koma og skoða nýju Jargerðarvélina sem er nýkomin í sveitafélagið og sjá hvernig sorpið verður að mold, auk þess að verða betur upplýst um hvað gert er á þessu svæði í sambandi við flokkun. Þau eru öll að starfa og vinna í Grænfánaverkefnum og er þetta þarft viðbótarskref í að nema heildarsýn þeirra á verkefninu. Myndirnar tala sínu máli. Við sýndum þeim hvernig við plokkum rusl í poka og að við erum

með mismunandi gáma á svæðinu sem við flokkum grófan úrgang í. Því betur og sem hreinni sem flokkunin er því verðmætari verður farmurinn.

Góð hugmynd er ætluð frá góðum vini, ganga meðfram vegunum og enda í sjoppunni hjá Gunnari og Sigrúnu og fá ís að launum fyrir dagsverkið. Gleðilegt sumar og takk fyrir veturinn.

GÁMAKVENDIÐ



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps kemur út um hver mánaðarmót í rafrænu formi ásamt því að prentaða útgáfu er hægt að nálgast í Neslaug, Skeiðalaug, Þjórsárskóla, Leikholti, skrifstofu sveitarfélagsins, félagsheimilinu í Árnosi og í versluninni Árborg í Árnosi. Hægt er að kaupa auglýsingar í blaðið og skal senda auglýsingar og aðsendar greinar til gaukurinn@skeidgnup.is

Útgefandi: Skeiða- og Gnúpverjahreppur. **Ábyrgðarmaður:** Haraldur Þór Jónsson

Kvenfélag Gnúpverja 95 ára !



Kvenfélagshópurinn í heimsókn hjá Maju í Skinnhúfu

Kvenfélag Gnúpverja var stofnað 28. apríl 1929 og hefur starfað óslitið síðan. Í félaginu eru nú 32 konur. Í tilefni af 95 ára afmæli þess skipulagði stjórn kvenfélagsins vorferð/vorfund austur yfir Þjórsá á sjálfan afmælisdaginn. Lagt var af stað frá Árnesi í langferðabil alls 14 konur og Bergur Guðmundsson kvenfélagsbilstjóri. Veðrið lék við okkur og mikil gleði ríkti í hópnum. Miklar listakonur svokallaðar “Spunasystur” voru heimsóttar. Fyrst var komið við hjá Sillu, Sigurlaugu Steimgrímsdóttur á Hárlaugsstöðum sem ræktar m.a. feldfé, sem hefurð þann eiginleika að vera með

mýkri ull en sauðkindin. Næst var farið til Maju Siska í Skinnhúfu, þýskrar listakonu, arkitekt að mennt og mikill frumkvöðull. Bragginn hennar er vinnustofa og þar eru haldin ýmis námskeið. Að lokum var Lísu, Elísabet Jóhannsdóttir í Köldukinn heimsótt en hún er mikill viskubrunnur í textíl, er kennari að mennt og hefur kennt ýmislegt er varða ull og ullarvinnu. Þar var skálað í freyðivíni fyrir kvenfélaginu og léttar veitingar í boði þess. Að lokum var borðað á Hótel Stracta, hátíðarkvöldverður í tilefni dagsins og vorfundur haldinn þar.

Kvenfélagið fékk heimboð á Bessastaði 2.mái s.l. í tilfærni afmælisins. Það voru 17 kvenfélagskonur sem fóru í þá heimsókn. Frú Elisa Reid tók vel á móti okkur, drakk með okkur kaffi og átti með okkur notalega stund. Síðan sýndi hún okkur húsakynninn og sagði okkur frá ýmsu í ljósi sögunnar. Guðni forseti kíkti líka á okkur og sagði

okkur frá ýmsu skemmtilegu og það fyrir kveðju til sveitunga okkar. Það var ánægður hópur kvenfélagskvenna sem hélt austur fyrir fjall og endaði á því að fá sér að borða á veitingastaðnum Lilly&Julia's bistro á Selfossi.

Sigríður Björk Gylfadóttir
formaður Kvenfélags Gnúpverja



Kvenfélagshópurinn í Köldukinn






Úrval af hunda- og kattafóðri















LANDSTÓLPI

📍 Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
☎ 480 5600

📍 Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum
☎ 480 5610

🌐 www.landstolpi.is
✉ landstolpi@landstolpi.is



Á Bessastöðum 2.mai 2024 með Frú Elisú Reid



Guðni forseti heilsaði líka upp á kvenfélagskonurnar

Upp í Sveit!

Taktu dagana frá: Því við verðum Upp í Sveit!

Föstudagur 14. júní:

Hefjum leika á stórtónleikum með Bjartmari og Bergrisunum í Árnesi, húsið opnar kl. 20:00, miðasala við dyrnar

Laugardagur 15. júní – Árnes

Hefðbundinn skemmtidagskrá í Árnesi;
Handverksmarkaðurinn Handverk&Hám,
myndlistarsýning, froðurennibraut, frítt í sund,
hoppukastalar, kassabílarally, kökuskreytingarkeppni og fleira!

Brytinn opinn allan daginn,
Opið á grillinu í Árborg.

Endum svo daginn á opnu húsi í glænýju veiðihúsi Veiðifélags Stóru Laxár, í Skarði.

Sunnudagur 16. júní -

Útivera fjölskyldunnar í Skriðufellsskógi í Þjórsárdal

Byrjum daginn á hreyfistund fjölskyldunnar á bökkum Sandár, morgunverður í boði Rauðukamba í skógarskýlinu, framreiddur af Kvenfélagi Gnúpverja. Hvetjum alla til að taka með sér útilegustólana og eigin bolla undir kaffið :)

14. - 17. júní

Eftir morgunverð er hægt að fara í Leiki & Þrautir með Færni til framtíðar, hjólatúr fyrir þá aðeins eldri og gönguferð með Bergi fyrir þá sem vilja röltu um skóginn.

Endum daginn á huggulegum Skemmutónleikum í Þrándarholti, með Kanadíska Selfyssingnum Joel Durksen sem flytur Ameríska Þjóðlagatónlist með sinni einstöku rödd.

Mánudagur 17. Júní – Þjóðahátíðardagskrá í Brautarholti

Fjallkona

Hugvekja frá Sr. Óskari

Hátíðarræða

Helga Hoeg Sigurðardóttir píanóleikari flytur nokkur lög

Hátíðarkaffi, framreytt af Kvenfélagi Skeiða og hæfileikasýning barnanna

Nánari upplýsingar um tímasetningar og skráningu má finna á www.skeidgnup.is/uppisveit

Ágengar tegundir

Ágeng tegund er plöntu- eða dýrategund sem hefur verið flutt í ný heimkynni til ræktunar eða annarra nota en hefur breiðst út og valdið tjóni á villtri náttúru eða ræktarlandi. Fjallað var um þessar plöntur í Gauknum í maí 2023, bls 6: https://www.skeidgnup.is/static/files/Gaukurinn/2023/gaukurinn_mai_2023.pdf

Á Íslandi eru plöntutegundirnar alaskalúpína, skógarkerfill og risahvannir (bjarnarkló og tröllakló) skilgreindar sem ágengar framandi tegundir sem geta valdið skaða eða rýrnun á líffræðilegri fjölbreytni. Mikilvægt er að hefta útbreiðslu þessara tegunda og hér er rífað upp hvernig er besta að gera þar

Alaskalúpínu (*Lupinus nootkatensis*) þekkja allir og hefur hún breiðst út um landið með auknum hraða

Uppræting lúpínu getur tekið langan tíma því fræforði í jarðvegi heldur áfram að spíra í mörg ár. Ráð er að slá lúpínu áður en hún myndar fræ og rífa upp litlar plöntur. Eftir því sem lúpínubreiðurnar verða stærri því erfiðara er að uppræta hana en hægt er að hefta úrbreiðslu með slætti áður en fræ þroskast. Beit hefur mikil áhrif á nýliðun og vöxt plöntunnar.

Skógarkerfill (*Anthriscus sylvestris*)

Til að stemma stigu við úrbreiðslu kerfilsins þarf að koma í veg fyrir að hann nái að fella fræ og skjóta rótum. Helsta ráðið er að slá hann áður en hann blómgast og myndar fræ sem er í júní og þarf að gera það a.m.k. tvisvar á sumri eða beita hann af sauðfé en hross eru ekki hrifin af

skógarkerfli. Hægt er að stinga upp rætur en það er mjög vinnufrekt en gerlegt þegar um stakar eða fáar plöntur er að ræða.

Risahvannir eru mjög stórvaxnar. Bjarnarkló er 2,2-3,2 m á hæð og tröllakló 1,8-2,8 m. Þessar risahvannir eru eittraðar og berist safi þeirra á húð veldur hann bruna í sólarljósi. Mikilvægt er að eyða þessum plöntum strax og þeirra verður vart. Þær má klippa niður og grafa ræturnar upp og þarf að vera í viðeigandi hlífðarbúnaði við það verk svo plöntusafinn komist ekki að húðinni eða í augu. Fylgjast þarf með vaxtarstað plöntunnar í allt að þrjú ár eftir að rætur hafa verið grafnar upp því hún getur skotið upp kollinum aftur. Best er að skera plöntuna snemma árs og áður en hún ber fræ.

Við hvetjum fólk til að hafa augun opin og taka eftir sjái það þessar ágengu tegundir í nágrenninu og sporna við útbreiðslu þeirra í sveitarfélaginu.

Nánari upplýsingar: agengar.is, ni.is/is/grodur/agengar-plontur

**Loftslags- og umhverfisnefnd
Skeiða- og Gnúpverjahrepps**



Bjarnarkló



Skógarkerfill

Kjörfundur í forsetakosningum

Kjörfundur í Skeiða- og Gnúpverjahreppi vegna forsetakosninga þann 1. júní 2024, fer fram í Þjórsárskóla. Kjörfundur hefst kl 10.00 og stendur til kl 22.00

Kjósendur eru minntir á að hafa persónuskilríki með mynd meðferðis, til að gera grein fyrir sér þegar þeir greiða atkvæði.

Samhliða forsetakosningum þann 1. júní fer fram


Íbúakosning um hvort breyta eigi nafni Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Kosning vegna nafnakosningar fer fram í Þjórsárskóla. Kosning hefst kl 10.00 og stendur til kl 22.00.

Rétt til þátttöku í íbúakosningum hafa, samkvæmt 3. mg. 133. gr. sveitarstjórnarlaga, hver íslenskur, danskur, finnskur, sænskur eða norskur ríkisborgari sem náð hefur 18 ára aldri þegar kosning hefst og á skráð lögheimili í því sveitarfélagi sem íbúakosning fer fram. Erlendur ríkisborgari (af öðru þjóðerni en talið er upp hér fyrir ofan) hefur rétt til þátttöku ef hann hefur átt skráð lögheimili hér á landi í þrjú ár samfelld fyrir lokadag atkvæðagreiðslu, ef hann hefur náð 18 ára aldri og er með skráð lögheimili í sveitarfélaginu.

Talning atkvæða í íbúakosningu um hvort skipta eigi um nafn á sveitarfélaginu, fer fram eftir að kjörfundi lýkur um kl. 22.00 laugardaginn 1. júní í Þjórsárskóla. Samkvæmt reglugerð um íbúakosningu sveitarfélaga skal talning atkvæða fara fram fyrir opnum dyrum svo að almenningi gefist kostur á að vera viðstaddur eftir því sem húsrúm leyfir. Niðurstaða kosningarinnar verður að lokinni talningu kunngjörð á heimasíðu sveitarfélagsins og samfélagsmiðlum eftir atvikum.

Skeiðalaug



Opnunartími:

Mánudaga 16:00 – 22:00

Þriðjudaga 16:00 – 22:00

Miðvikudaga 16:00 – 22:00

Fimmtudaga 16:00 – 22:00

Laugardaga 10:00 – 14:00

Heitir pottar 38-41° – Sundlaug 30-32° – Kaldur pottur 4-6°

Infrarauð sauna 60° – Sauna 80° – Hvíldarsvæði – Kalt mistur

Neslaug



Opnunartími:

Miðvikudaga 17:00 – 21:00

Sunnudaga 10:00 – 14:00

Sumaropnun hefst 17.júní:

Miðvikudaga 10:00 – 21:00

Fimmtudaga 10:00 – 21:00

Föstudaga 10:00 – 17:00

Laugardaga 10:00 – 17:00

Sunnudaga 10:00 – 17:00

Kirkjukór fer í ferð til Vestmannaeyja.



Það voru smá áhyggjur að morgni laugardagsins 20.apríl, veðrið var ekki eins og best var á kosið þegar litið var út um gluggann, súldarríging og stinningsgola. Organistinn og kórstjórinn Þorbjörg (Tobba) skoðaði ölduhæðina með reglulegu millibili á snjalltæki sínu og ekki að furða, kórfélagar höfðu hótad að þeir myndu sko ekki sigla frá Þorlákshöfn!

En Ámundi beið staðfastur með grænu rútuna við Árnes og fólk var tint upp á leið niður Skeiðin.

Þegar Skeiðavegamótin voru að baki og rétt vinstri beygja tekin var Tobbu mjög létt og hún gat hafið upp raust sína og sagt brandara. Sumir aðrir tóku líka til við segja sögur um alls kyns uppákomur, en til þess að heyra um þær þarf viðkomandi að ganga í kórinn. Eða vera heppinn maki kórfélaga eins og ég.

Allt gekk samkvæmt áætlun, einungis þurfti að stoppa í einni búð á Hvolsvelli og bæta á birgðir af söngvatni. Annars var enn smá kvíði fyrir hversu vel myndi ganga að

sigla yfir sundið bláa. Enginn hafði séð fyrir að kaupa sjóveikiplástra eins og hér um árið þegar Dúdda útdeildi plástrum og liggur sennilega enn á birgðunum sem afgangsrúðu.

En sigling gekk vel, skipstjórinn sagði gott í sjóinn og gott veður væri í Eyjum. Eftir landtöku og afturheimt á rútunni, var ekið á Hótel Vestmannaeyjar, sem er lúxus hótél og allt til fyrirmyndar.

Eftir smá hvíld (því svona löng ferð tekur á) fór hópurinn á barinn Brothers, og fékk sér í glas/glös, heimafólk hraktist undan hópnum, ekki vant svona kirkjulegum hópi kannski? En allt var samt með ró og spekt og ekki var hafinn upp söngur þar. Síðan sótti Ámundi fólk og ók með upp í safnaðarheimilið, þar sem okkar beið sr.Viðar Stefánsson ásamt fjölskyldu og samstarfsfólki. Viðar er sonur Stefáns og Katrínar í Ásaskóla, fæddur og uppalinn í sveitinni, lærði til prests og hefur þjónað í Eyjum í átta ár. Landakirkjufólk ætlar að endurgjalda heimsóknina í haust.



Kristjana og fleiri höfðu lagt á borðin í snarheitum. Þeir sem þekkja Kiddu (sennilega flestir) vita að það er engin hálfvelgja þar sem hún tekur til hendinni. Kokkurinn birtist síðan alveg eldhress, hvort hann heitir Einsa kaldi veit ég ekki en allavega vinnur hann hjá veitingastaðnum Einsa kalda. Og hann kynnti matinn sem við áttum eftir að njóta og þvílík veisla! Þetta var hlaðborð, fiskréttir t.d. þorskur og grillaður skötuselur, grænmetisréttir, nauta- og lambakjöt, allt sérlega vel eldað

og fallega framreitt. Að máltíð lokinni hóf söngfólk upp raddir sínar og aðrir vöskuðu upp og gengu frá, því þetta er í raun ekki veitingasalur með keyptri þjónustu. Fram eftir kvöldi var svo söngur og spjall á léttum nótum. Sýnd voru töfrabrogð af ýmsu tagi, og fóru af því fréttir að daginn eftir sást stór hópur dúfna, sem við saúm sjálf þegar Ámundi keyrði okkur í Herjólfsdalinn og þessar dúfur voru kirkjugestir, eitthvað hafði farið forgörðum í töfrabrogðunum! Næsti dagur var sunnudagur og þá var





haldið rúmlega klukkan tíu upp í Eldheima. „Sýningin Eldheimar – gosminjasýning í Vestmannaeyjum, er verk Axels Hallkells Jóhannessonar sýningarhönnuðar, Gagarín sem hannaði gagnvirka sýningarhluta, arkitektsins Margrétar Kristínar Gunnarsdóttur og Lilju Kristínar Ólafsdóttur landslagsarkitekts“ Tekið af síðunni : www.eldheimar.is

Ekki er hægt annað en að undrast hve vel sýningin skilar þessari sögu og hve djúpi



áhrif hún hefur á fólk. Bestu þakkir Helga Hallbergsdóttir fyrir að opna Eldheima fyrir hópinn, það var ekki sjálfgefið.

Þaðan var farið að kirkjunni þar sem kórinn hreinsaði raddböndin en við hin röltum úti í góða veðrinu og horfðum yfir bæinn. Alveg er ótrúlegt að hugsa um þegar allt var á kafi í ösku og gjósku, og eldgosíð var í fullum gangi með drunum og rauðum bjarma sem lýsti upp að degi sem nóttu.

Þá var komið að messunni, sem var til helguð sr. Valdimar Briem og allir sálmarnir voru eftir hann. Sr. Viðar og Óskar leiddu messuna, Óskar sá um predikun úr himinháum predikunarstólnum sem er hálfgerður himnastigi og ekki nema fyrir fima að komast upp og niður. Kórinn söng ásamt konum úr kirkjukórnum þar en karlarnir voru uppteknir í æfingabúðum á meginlandinu.

Ég er ekki kirkjurækin að öllu jöfnu en þessi athöfn var bæði ljúf og góð næring fyrir sálina og síðasta lagið var sungið af krafti og fallegum röddum, takk þið sem leggið á ykkur æfingar til að ná þessari fullkomnun.

Eftir messu skein sólin og allir voru orðnir svangir, enn stóð Ámundi með rútuna klára til að aka niður í bæ, og þar var hægt að næra sig á tveimur stöðum og drekka kaffi og jafnvel eitthvað annað. Verð að segja að það er ekkert grín að aka svona langferðabifreið eftir þröngum götum og önnur hver gata er einstefna ! Og bara með sirka þrjá aftursætis- og hliðarsætis bílstjóra að segja til :)

Fiskilyktin og sjávarlyktin við höfnina var góð að sumra mati, það var líka mjög

dáleiðandi að horfa út á skipin og bátana, alltaf fallett að horfa uppí klettana og já fólk á gangi hæst uppí á Heimakletti ! Og kemur þá ekki Herjólfur með skipaflauti að sækja okkur og nokkra aðra farþega. Ferðin yfir gekk ljómandi vel, minni alda en fyrri daginn og síðan kom auðvitað Ámundi með rútuna og skilaði okkur uppí Árnes. Yndislega góð ferð komin að lokum.

Kærar þakkir þið öll sem stóðu að undirbúningi ferðarinnar, það er meira en sést á yfirborðinu og kórþólk sömuleiðis fyrir allt og Vestmannaeyingar, takk fyrir móttökurnar.

Anna María Flygenring

Hlið

Gjaldskrá Búnaðarfélag Gnúpverja 2024

Tæki	kr	@	Ath:	
Plógur, fjórskeri, fjölstillanlegur	4400	klst	Lágmarksgjald 10000	
Vendiplógur – opinn, 5 skera	5600	dag	+ 610 kr/km	Keyptur 2019
Pinnatætarei	5400	klst		Keyptur 2023
Hnífatætarei	5400	klst		
Fjaðraherfi	3900	klst	Lágmarksgjald 10000	Keypt 2021
Hefill	4300	klst	Fyrstu 5 klst, síðan 3000. Lágmarksgjald 8000	
Flag- og túnvaltari 6,3 m,	6500	klst		
Valtari 3.0 m, 5.8 tonn	3400	klst		Keyptur 2021
Slóði	4500	klst		
Haugsguga 12 T	21500	dag		Keypt 2019
Haugsguga 14 T	22500	dag		Keypt 2022
Haugsguga 15 T	23500	dag		
Rúlluvagn með vökva skjólbörðum	8400	dag	+195 kr/km	Keyptur 2017
Rúlluvagn án skjólbörða	7700	dag	+195 kr/km	Keyptur 2022
Fjölnotakerra	13100	dag		
3ja hesta kerra	10500	dag		Keypt 2017
Athafnakerra	10500	dag		Keypt 2018
Steypuvél	15800	dag		
Staurabor	5800	klst	Lágmarksgjald 8500 kr	
Þyngdarklossi	6800	dag		Keypt 2019
Taðgreip	11600	dag		Keypt 2019
Þrifagjald	37000			

Bridgeárið 2023-2024

Nú er vetrarstarfi í bridge lokið, með tilheyrandi verðlaunaafhendingu og aðalfundi félagsins. Veitt voru verðlaun fyrir aðaltvímennning, tvenndarkeppni og sveitakeppni.

Nú hefur orðið mikil aukning spilara þetta árið og horfum við full bjarsýni á komandi haust, að það verði fleiri sem muni bætast í hópinn.

Við heiðruðum tvo stofnfélaga með blómum, en þeir eru Garðar Olgeirsson Hellisholtum og Guðmundur Böðvarsson Syðra-Seli.

Nú í haust stendur til að fara með fræðslu og kennslu í 8. 9. og 10. bekk grunnskólans. Fræðslan á svo að verða áfram næstu ár. Einnig stefnum við að því að hefja nýliðabridge í haust ef þátttaka næst.

Þetta er góð heilaleikfimi sem og góður félagsskapur bæði fyrir unga jafnt sem aldna. Elsti keppandinn í okkar hópi er á tíræðisaldri.



Úrval af hunda- og kattafóðri



 LANDSTÓLPI

📍 Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
☎ 480 5600

📍 Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum
☎ 480 5610

🌐 www.landstolpi.is
✉ landstolpi@landstolpi.is

Skeiðalaug

Miklar framkvæmdir hafa verið í Skeiðalaug síðastliðið ár. Nú sér fyrir endan á breytingum á sundlaugarsvæðinu en framundan er bygging á viðbyggingu fyrir líkamsræktar aðstöðu.

Haldinn verður kynning á framkvæmdunum í Skeiðalaug í anddyri Skeiðalaugar miðvikudaginn 5. júní kl. 20:00.



Öll almenn jarðvinna

Ólafsvellir ehf

Sími 897-5997



Fundargerðir sveitarstjórnar


Hægt er að nálgast allar fundargerðir sveitarstjórnar ásamt fylgiskjöllum á heimasíðu sveitarfélagsins, www.skeidgnup.is

Margt í gangi á Þjórsársvæði

Viðhald í Búðarhálsi

Búðarhálsstöð fagnaði tíu ára afmæli 7. mars síðastliðinn. Stöðin er sú eina á Þjórsársvæði sem er búin Kaplan vélum, en þær eru frábrugðnar flestum öðrum að því leyti að í stað vatnshjóls er skrúfa sem svipar mikið til skipsskrúfu.

Allar vélar fara í árlega skoðun þar sem farið er yfir helstu kerfi, en að auki eru framkvæmdar skoðanir á þriggja, sex og tólf ára fresti og eru þær hver annarri ítarlegri. Þessar skoðanir eru hluti af því viðamikla viðhaldi sem fer stöðugt fram í öllum stöðvum okkar og tryggir mjög mikinn nýtingartíma vélanna. Hér má sjá skemmtilegar myndir innan úr hverfli vélar í Búðarhálsi, en þar sést stærð vélarinnar nokkuð vel.



Jarðtæknirannsóknir fyrir Búrfellslund

Í sumar fara fram jarðtæknirannsóknir fyrir fyrirhugað vindorkuver við Vaðöldu sem kallað hefur verið Búrfellslundur. Stefnt er að því að rannsaka jarðlög undir fyrirhuguðum vindmyllum, byggingum og vegi. Rannsóknarsvæðið er allt umhverfis Vaðöldu, neðan Sultartangastíflu og norðan vegar F26, innan Rangárþings ytra. Rannsóknirnar fela í sér um 30 m kjarnaboranir, en einnig eru grafnar gryfjur í laus jarðlög við hvert vindmyllustæði. Þá fara fram 12-15 m loftboranir í vegstæði að fyrirhuguðum vindmyllum og í næsta nágrenni fyrirhugaðra mannvirkja, auk þess sem boraðar verða tvær vatnstökuholur innan svæðisins. Niðurstöður rannsóknanna veita mikilvægar upplýsingar sem nýtast munu í hönnun mannvirkja. Áætluð verklok eru í september.

Flugöryggisljós vindmylla á hafinu

Slökkt var á hindranaljósum rannsóknavindmyllanna á Hafinu um miðjan maí, eftir að heimild Samgöngustofu lá fyrir. Með því að slökkva á ljósunum er dregið úr sjónrænum áhrifum mannvirkjanna eins og auðið er, án þess þó að skerða flugöryggi. Isavia og Landhelgisgæslan voru upplýst um ákvörðunina og eru vindmyllurnar nú merktar sem hindranir án ljóss á útgefnu sjónflugskorti.



Samstarf við Fjölbrautaskóla Suðurlands

Landsvirkjun og Fjölbrautaskóli Suðurlands hafa samið um samstarf sem felur í sér að efla iðnkennslu og -nám í skólanum, sérstaklega rafvirkja- og vélvirkjanám. Samningurinn felur í sér fjárhagslegan stuðning frá Landsvirkjun til kaupa á tækjum fyrir raf- og vélvirkjabrautir skólans. Þessi stuðningur kemur að góðum notum enda er mikilvægt fyrir nemendur að hafa aðgang að nýjustu tækjum sem í boði eru hverju sinni.

Auk fjárhagslegs stuðnings mun Landsvirkjun bjóða nemendum í rafvirkja- og vélvirkjanámi í heimsókn í starfsstöðvar sínar og veita þeim tækifæri til að kynnst starfsemi fyrirtækisins. Þetta gefur nemendum tækifæri til að tengja nám sitt við raunverulegar aðstæður.

Þá mun Landsvirkjun einnig bjóða upp á starfsnám fyrir nemendur í sumar, en starfsnám er mikilvægur hluti þessara námsbrauta. Nemendur fá þar tækifæri til að beita þekkingu sinni og færni í raunverulegum verkefnum.

Samstarf Landsvirkjunar og Fjölbrautaskóla Suðurlands er spennandi skref í átt að eflingu iðnnáms og Landsvirkjun styður stolt við frekari uppbyggingu þess náms.



Jóna Bjarnadóttir framkvæmdastjóri Samfélags og umhverfis skrifaði undir samstarfssamninginn ásamt Olgu Lísu Garðarsdóttur, skólameistara Fjölbrautaskóla Suðurlands.

Leyfismál vegna Hvammsvirkjunar

Umhverfisstofnun veitti Landsvirkjun heimild til að breyta vatnshloti í Þjórsár í byrjun aprilmánaðar, en það er forsenda þess að hægt sé að endurnýja virkjunarleyfi vegna Hvammsvirkjunar. Við erum vongóð um að Orkustofnun endurnýi það leyfi í sumar og að í framhaldinu verði gefin út framkvæmdaleyfi frá sveitarfélögunum sem eiga í hlut. Komi þau leyfi í hús í sumar gæti Hvammsvirkjun byrjað að vinna orku inn á kerfið fyrir lok árs 2028.

Vegagerðin hefst handa við endurbætur á núverandi Hvammsvegi í sumar og við vinnum að undirbúningi á jörðinni Hvammi 3, þar sem vinnubúðir verða staðsettar. Við minnum á að ítarlegar upplýsingar um verkefnið má nálgast á vefnum:

hvammsvirkjun.is



Þrjú styrkir úr samfélagssjóði til Suðurlands

Fyrsta úthlutun ársins úr samfélagssjóði fór fram á dögnum og runnu þrjú styrkir til aðila á Suðurlandi, alls upp á eina milljón króna. Þá hlutu: Listasafn Árnesinga, Góðir dagar ehf. (vegna endurvinnslu á rúlluneti) og Þingborg (vegna Ullarviku). Í desembermánuði runnu styrkir til nemendafélagsins Mimis í Menntaskólanum á Laugarvatni og hjálparveitarinnar Tintron.

Umsóknarfrestur vegna næstu úthlutunar er til 31. júlí, en um sjóðinn má lesa á vef Landsvirkjunar: landsvirkjun.is/samfelagssjodur

Landsvirkjun gefur reglulega út fréttabréf í tölvupósti. Áhugasamir geta skráð sig á póstlista og fengið þau send þegar þau koma út. Skráningarform má finna á slóðinni landsvirkjun.is/postlisti

ÍBÚAFUNDUR

**um uppbygginguna sem er framundan í Árnesi
verður haldinn í Árnesi þriðjudaginn 11. júní kl. 20:00**

Á fundinum verður farið yfir vinnuna sem hefur átt sér stað frá síðasta íbúafundi og kynntar hugmyndir að því hvernig framtíðarskipulag í Árnesi geti litið út.

Hönnun á íþróttamiðstöð er langt komin og verður kynning á skipulaginu og þeirri starfssemi sem hugsuð er í húsinu ásamt því að sýna húsið í þrívíddarumhverfinu bæði að innan og utan.

Hvetjum sem flesta til að mæta.

